

Fundargerð ferðamálaráðs

5. fundur – 30. október 2006.

Kl. 15-17 í samgönguráðuneytinu.

Mættir:

Einar Oddur Kristjánsson (EOK), Dagný Jónsdóttir (DJ), Gunnar Már Sigurfinnsson (GMS), Lára. B. Pétursdóttir (LBP), Sævar Skaptason (SS), Gunnar Sigurðsson (GS), Dagur B. Eggertsson (DBE), Pétur Rafnsson (PR), Dóra Magnúsdóttir (DM), Jón Ásbergsson (JÁ), Magnús Oddsson (MO), Helga Haraldsdóttir (HH) og Ingilín Kristmannsdóttir (IK)

Dagskrá fundarins:

1. Erindi samgönguráðherra.
„..... um áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á ferðaþjónustuna.“
2. Kynning á frumvarpi til laga um veitinga- og gististaði.
Svanhvít Axelsdóttir lögfræðingur í samgönguráðuneytinu.
3. Hugmyndir um nýskipan í markaðsmálum íslenskrar ferðaþjónustu.
Kjartan Lárusson fyrrv. forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands nú forstöðumaður Markaðsskrifstofu Norðurlands.
4. Önnur mál.

Gögn afhent á fundinum:

- Fundargerð 4. fundar ferðamálaráðs frá 26. apríl 2006.
- Bréf Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra til formanns ferðamálaráðs Einars Odds Kristjánssonar.
- Kynningartexti á frumvarpi til laga um veitinga- og gististaði.
- Lög nr. 73/2005 um skipan ferðamála.
- Skýrsla samgönguráðherra um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Fundargerð 4. fundar ferðamálaráðs, 26. apríl 2006 var samþykkt.

1. Um áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á ferðaþjónustuna:

Nokkrir ráðsmenn lýstu yfir óánægju sinni yfir því að ráðið skyldi ekki vera kallað saman fyrr til að ræða áhrif hvalveiða á ferðaþjónustuna. Kvaðst formaðurinn hafa kallað ráðið saman um leið og beiðni þar um barst.

Á fundinum óskaði Gunnar Már Sigurfinnsson eftir því að eftirfarandi yrði bókað:

„Tölur sýna að ferðamönnum sem sækja Ísland heim hefur fjölgað töluvert síðan 2002 og það hefur meðal annars verið túlkað á þann hátt að ferðaþjónustan hafi ekki liðið fyrir veiðar á hval í vísindaskyni. Fjölgunin var þó einungis 2% á milli árána 2004 og 2005 og má leiða líkum af því að um sé að ræða hugsanlega fækkun á ferðamönnum sem koma í afþreyingarferðir. Það er staðreynda að erlendu vinnuafla hefur fjölgað mjög mikið hér og er nú orðið hlutfallsega hærra á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum og síðan hafa umsvif íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum búið til mikið flæði af heimsóknum erlendra aðila sem koma til fundar við þá. Því má leiða að því líkum að „ferðamönnum“ hafi fækkað þó erlendum gestum hafi fjölgað. Mæltist hann til þess að Ferðamálastofu yrði falið að sundurgreina tölur um fjölda ferðamanna meðal annars m.t.t. hversu stórt hlutfall væri erlendir verkamenn, viðskiptavinir íslenskra fyrirtækja og aðrir hópar sem koma hér í öðrum tilgangi en ferðamenn í afþreyingarferðir.“

Umræður spunnust um hlutverk ráðsins og las formaður texta 6. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála, þar sem hlutverk ferðamálaráðs er skilgreint. Þá beindi formaðurinn því til fundarins að verða við beiðni samgönguráðherra um að koma með tillögur skv. bréfi dags. 25. október sl.

Nokkrar hugmyndir voru settar fram m.a. um gerð könnunar til að meta áhrif hvalveiðanna á ferðaþjónustuna, eflingu almannatengsla á mörkuðum Íslands erlendis og aukna áherslu stjórnvalda á kynningu á málsstað Íslendinga.

Ákveðið var að fulltrúar ráðsins kynntu hugmyndir sínar að aðgerðum á næsta fundi ráðsins þann 3. nóvember næstkomandi.

2. Kynning á frumvarpi til laga um veitinga- og gististaði:

Svanhvít Axelsdóttir kynnti stuttlega helstu efnisatriði frumvarpsins, sem nú er til umsagnar á heimasíðu samgönguráðuneytisins, og stendur til að leggja fram á Alþingi á haustþingi 2006.

3. Kynning á hugmyndum um nýskipan í markaðsmálum íslenskrar ferðaþjónustu:

Kjartan Lárusson kynnti markaðsstarf og áherslur í markaðsstarfi á Norðurlandi. Þá afhenti Kjartan vinnuskjal um aðdraganda og starfsemi Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi. Sagði hann samstarf sveitarfélaga, ferðaþjónustufyrirtækja og yfirstjórnar byggðamála á Norðurlandi hafa gefið góða raun. Taldi hann samstarfið góða fyrirmynd og vænlegt til að stuðla að „landamæralausri“ ferðaþjónustu.

4. Önnur mál:

Annað var ekki rætt.

Næsti fundur:

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn föstudaginn 3. nóvember kl. 14 í samgönguráðuneytinu.

Á fundinum verður fram haldið umræðu um áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á ferðaþjónustuna og stefnt að því að ákveða hvort og þá til hvaða aðgerða er æskilegt að grípa til.

IK ritaði fundargerðina.